

Desember 2020



Grænland og Ísland

Skýrsla Grænlandsnefndar
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Útdráttur

**Útdráttur úr skýrslu Grænlandsnefndar
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra**


Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Desember 2020

utn.is | utn@utn.is

©2020 Utanríkisráðuneytið



2.166.086 km²
Flatarmál Grænlands



80%
flatarmáls er jökull



21x
flatarmál Íslands



44.087 km
Lengd strandlengjunnar



3.694 m
Hæsti punktur,
Gunnbjörnsfjall



56.081
íbúar

Formáli

Með bréfi dagsettu 9. apríl 2019 skipaði utanríkisráðherra þriggja manna Grænlandsnefnd til að gera tillögur um eflingu samstarfs Grænlands og Íslands. Nefndinni var jafnframt falið að greina tvíhliða samskipti landanna í dag. Össur Skarphéðinsson var skipaður formaður en auk hans skipaði ráðherra þau Unni Brá Konráðsdóttir og Óttarr Guðlaugsson. Tveir starfsmenn utanríkisráðuneytisins unnu með nefndinni, Hildur H. Sigurðardóttir á fyrri hluta starfstímans en Geir Oddsson á seinni hlutanum. Auk þess unnu Lara Valgerður Kristjánsdóttir og Pétur Hreinsson frá utanríkisráðuneytinu með nefndinni á lokastigum skýrslunnar.

Tvíhliða samskipti Íslands og Grænlands, bæði pólitísk og efnahagsleg, hafa eflst mikið á undanförunum árum. Það endurspeglast meðal annars í ákvörðun íslenskra stjórnvalda að opna sendiskrifstofu í Nuuk árið 2013 og grænleuskra stjórnvalda að opna sendiskrifstofu í Reykjavík síðla árs 2018. Vaxandi tengsl eru á milli landanna á sviði atvinnulífs.

Löndin eiga nú þegar mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta svo sem á sviði fiskveiða, flugþjónustu, stjórn flugumferðar, ferðaþjónustu og mál-efna Norðurslóða. Aukin samvinna um heilbrigðismál, menntamál og stoðþjónustu við námuvinnslu gætu orðið mikilvæg samstarfssvið í framtíðinni. Á alþjóðavettvangi eiga löndin þegar vaxandi samstarf þar sem norræna og vestnorræna samvinnu ber hæst og innan Norðurskautsráðsins.

Nefndin aflaði fanga með heimsóknum til Grænlands. Fjölmargir fundir voru haldnir með heimamönnum og einnig á Íslandi. Gagna var aflað með margvíslegum öðrum hætti.

Í skýrslu Grænlandsnefndar er ítarleg greining á núverandi stöðu tvíhliða samskipta landanna og nær 100 tillögur um aukna samvinnu á fjölmörgum sviðum. Þær snúa jöfnum höndum að íslenskum stjórnvöldum, einkageiranum, félagasamtökum og háskólasamfélaginu. Flestar tillögurnar eru í sérstökum kafla um “víðtæka möguleika til samstarfs.”

Í upphafi skýrslunnar eru færð rök fyrir því hví mikilvægara er nú en nokkru sinni að auka samskipta landanna, ekki síst vegna stöðu svæðisins í nýrri heimsmynd Norðurslóða.

Fjallað er um land og samfélag, stjórnskipulag og stjórnsmál í Grænlandi, innviði í uppbyggingu, meðal annars umtalsverða uppbyggingu flugsamgangna og sjóflutninga. Sjávarútvegur, ferðaþjónusta og námuvinnsla eru reifuð í sérstökum köflum þar sem einnig er bent á tækifæri til samvinnu. Vegna nálægðar og mikilla samskipta afréð nefndin að fjalla sérstaklega um Austur-Grænland, og þau sérstöku viðfangsefni sem þar er við að etja.

Skýrsla Grænlandsnefndar og tillögur eru verk nefndarinnar einnar. Þær eru hugsaðar sem skapalón fyrir samstarf landanna til framtíðar og ætlaðar utanríkisráðherra til ráðgjafar. Nefndin hefur forgangsraðað tíu tillögum til stefnumörkunar og leggur jafnframt til að Grænland og Ísland geri með sér rammisamning um samstarfssvið í framtíðinni.



Össur Skarphéðinsson,
formaður Grænlandsnefndar utanríkisráðherra



Ólafur Ragnar Grímsson fundar með Grænlandsnefnd: Unni Brá Konráðsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Geir Oddssyni. Óttarr Guðlaugsson, nefndarmaður, var erlendis. Mynd: Ásgeir Ásgeirsson.

Helstu tillögur til stefnumörkunar

Í skýrslu Grænlandsnefndar er að finna samtals 99 einstakar tillögur um aðgerðir til að auka samvinnu Grænlands og Íslands á mismunandi sviðum. Heildarskrá yfir allar tillögurnar er að finna í samantekt aftast í skýrslunni.

Í upphafi eru þó tilgreindar tillögur um rammisamning milli Íslands og Grænlands og um þingsályktunartillögu um Grænlandsstefnu, auk tíu tillagna um stefnumörkun.

I. Rammisamningur og tillaga til þingsályktunar

1.

Utanríkisráðherra beiti sér fyrir gerð rammisamnings um samvinnu Grænlands og Íslands þar sem lýst verði markmiðum á tilgreindum samstarfssviðum. Af Íslands hálfu verði lögð áhersla á þá málaflokka og tillögur sem fjallað er um í skýrslu Grænlandsnefndar.

2.

Utanríkisráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar þar sem lýst er vilja og markmiðum Íslands um aukið samstarf landanna. Í greinargerð verði æskileg samstarfssvið skilgreind og leiðir til að ná þeim reifaðar.

II. Tíu tillögur til stefnumörkunar

1. Tvíhliða viðskiptasamningur

Utanríkisráðherra beiti sér fyrir gerð tvíhliða viðskiptasamnings milli Grænlands og Íslands. Markmiðið er að auka viðskipti milli landanna og lækka verð á daglegum nauðsynjum til grænlenkra neytenda. Þess er vænst að tvíhliða viðskiptasamningur ásamt vikulegum siglingum milli Nuuk og Reykjavíkur sem hefjast á þessu ári greiði Íslenskum lágvörudeðjum leið inn á grænlenka markaðinn.

2. Frístundaheimili í Tasiilaq

Ríkisstjórnin í samráði við Barnaheill og Sermersooq-sveitarfélagið færi Tasiilaq á Austur-Grænlandi peningagjöf til að festa kaup á húsnæði undir frístundaheimili ásamt andvirði launa starfsmanns í þrjú ár. Með því sýna Íslendingar í verki vináttu sína við austurgrænlenka samfélagið sem er þjakað af félagslegum vandamálum, svo sem útbreiddum kynferðisbrotum gegn börnum og hæstu tíðni sjálfsvíga ungs fólks í heiminum.

3. Stuðningur við berskjaldaða

Rauði kross Íslands verði styrktur til að ráðast í fjórþætt verkefni sem beinast að berskjölduðum og miða að því að efla staðbundna getu sjálfboðaliða. Áhersla er lögð á geðheilbrigði og sálræna áfallahjálp, meðal annars vegna tíðra sjálfsvíga; þjálfun og styrkingu ungra sjálfboðaliða til forvarna meðal jafnaldra; að rjúfa einangrun aldraðra; og skipulag neyðarvarna vegna hamfara og stærri slysa. Sérstök áhersla er lögð á Austur-Grænland þar sem markmiðið er að draga úr tíðni sjálfsvíga og hvers kyns ofbeldis gegn börnum (sjá 9.4). Verkefnin verði unnin í samstarfi við grænlenka Rauða krossinn.

4. Uppbygging fjarnáms

Utanríkisráðherra og menntamálaráðherra gangi frá samkomulagi sem tryggji fjárhagslegan grundvöll fyrir þriggja ára tilraunaverkefni um innleiðingu fjarnáms við valdar greinar við háskólann í Nuuk, Ilisimatusarfik, í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Í framhaldi bjóði stjórnvöld fram íslenska reynslu um þróun fjarnáms á verkmennta- og framhaldsskólastigi sem miðlað yrði undir forystu Háskólans á Akureyri. Löndin leiti í sameiningu til norrænna og evrópskra sjóða um að taka þátt í að fjármagna innleiðingu fjarnáms í Grænlandi í því augnamiði að lyfta menntastigi landsins. Það er nú hið lægsta í Evrópu.

5. Nýr alhliða fiskveiðisamningur

Gerður verði nýr alhliða fiskveiðisamningur sem nái til veiða allra deilistofna, einnig djúpkarfa. Kveðið verði á um stóraukið samstarf, meðal annars um sameiginlegar þorskrannsóknir við Austur-Grænland. Gert verði kleift að hefja tímabundin starfsmannaskipti milli stofnana; ungir grænlenkir vísindamenn verði styrktir til að vinna doktorsverkefni við Hafrannsóknastofnun og komið á samstarfi fyrirtækja í sjávarútvegi, meðal annars um myndun sjávarútvegs-klasa og nám í fisktækni. Reglulegt tvíhliða samráð stofnana með gagnkvæmum vinnuheimsóknum verði formgert.

6. Leit og björgun

Utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra bjóði fram reynslu Íslendinga á sviði leitar og björgunar til að koma á fót sjálfboðaliðasamtökum í Grænlandi sem byggja á reynslu og hugmyndafræði Landsbjargar.

7. Smávirðjanir á Austur-Grænlandi

Utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra komi á samstarfi við grænlenk stjórnvöld um smávirðjanir á Austur-Grænlandi sem miðar að því að skipta út olíu

sem orkugjafa við húshitun og rafmagnsframleiðslu. Lagt er til að Austur-Grænland verði tekið inn í smávirkjanaáætlun Orkustofnunar. Samhliða verði fundið fjármagn til að ráðast í gerð einstakra verkefna á grundvelli sjálfbærra rekstrarforsendna (sjá 9.7.2 og um olíubruna á heimskautasvæðum í 8.10). Stefnt yrði að því að austurgrænenska líkanið verði fyrirmynd að orkuskiptum við öll grænensk þorp þar sem vatnsafl er fyrir hendi.

8. Alþjóðleg hugveita

Utanríkisráðherra, að höfðu samráði við grænensk stjórnvöld, leiti eftir því við Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle að sett verði á fót alþjóðleg hugveita um „Grænland og Norðurslóðir – Greenland in the Arctic“, til dæmis í samvinnu við Wilson Institute í Washington DC og Norðurslóðasetur Harvard-háskóla. Markmiðið er að efla umræðu um Grænland í alþjóðlega fræðasamfélaginu og um leið alþjóðleg tengsl Grænlands og Íslands.

9. Samningur á heilbrigðisviði

Utanríkisráðherra og heilbrigðisráðherra beiti sér fyrir auknu samstarfi Grænlands og Íslands í heilbrigðisgeiranum. Kortlagt verði á hvaða sviðum íslenska heilbrigðiskerfið getur þjónað því grænenska, með áherslu á hjartaþræðingar, heilaþræðingar, sérþjálfun hjúkrunarfólks og valbundnar aðgerðir eins og liðskipti og frjósemisaðgerðir. Jafnframt verði komið á samstarfi Geisla-varna ríkisins og grænenskra stjórnvalda um innleiðingu staðla og eftirlits með geislavörnum og geislalindum. Grænenskur hjúkrunarfræðingur og/eða sjúkraliði verði ráðnir til Landspítalans og Sjúkrahúss Akureyrar til að auðvelda móttöku bráðasjúklinga af austurströnd Grænlands. Í kjölfarið verði samstarfssamningur landanna á heilbrigðisviði uppfærður með tilliti til ofangreindra verkefna.

10. Norðurslóðasetur

Ríkisstjórnin skipi starfshóp sem undirbúi Norðurslóðasetur í Reykjavík sem verði framtíðarheimili Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle. Aðstaða verði fyrir erlenda gistivísindamenn og doktorsnema og safn um Norðurslóðir. Þá verði kappkostað að efla tengsl við Grænland. Leitað verði stuðnings þeirra fjölmörgu erlendu stofnana, samtaka og sjóða sem Hringborðinu tengjast til að styrkja fjármálalegan grundvöll verkefnisins. Markmiðið er að tryggja til framtíðar þann vettvang á Íslandi sem mestum árangri hefur náð í að vekja athygli á Norðurslóðum og Grænlandi í gjörbreyttu umhverfi hraðra loftslagsbreytinga.

Grænland og Ísland í nýrri heimsmynd Norðurslóða

Á Norðurslóðum eru hamfarakennd umskipti í gangi af völdum loftslagsbreytinga. Hlýnun þar er tvöfalt meiri en á heimsvísu. Innan tveggja áratuga verður Norður-Íshafið fært skipum¹ og nýjar siglingaleiðir stytta sjóleiðina milli Asíu og Evrópu um helming. Norðurslóðir munu opnast fyrir nýtingu margvíslegra auðlinda, ferðaþjónusta mun vaxa og fiskistofnar stækka og færast norðar. Stórveldi keppast við að ná stöðu til að standa sem best að vígi gagnvart nýjum tækifærum. Bráðnun breytir líka varnarlinum stórvelda og þrýstir herafla og herstöðvum norður á bóginn.

Á einum áratug hafa Norðurslóðir því breyst úr lokuðu jaðarsvæði í eina af þungamiðjum nýrrar heimsmyndar á 21. öldinni. Um leið öðlast bæði Grænland og Ísland nýja og sterkari stöðu gagnvart umheiminum – ekki síst stórveldunum. Nýjum tækifærum fylgja líka nýir háskar. Breytingarnar kalla því á aukna samvinnu grannþjóðanna. Samstaða mun auðvelda þeim að standa vörð um hagsmuni Norðurslóða, þróa nýja möguleika og treysta um leið pólitíska stöðu beggja í ölduróti stórveldastjórn mála.

Drifkraftar þróunar á Norðurslóðum eru í meginatriðum fjórir:

- **Loftslagsbreytingar**
- **Öryggishagsmunir stórveldanna**
- **Nýjar siglingaleiðir**
- **Nýting auðlinda**

Togstreita stórvelda sem gætir í vaxandi mæli á Norðurslóðum skýrist af þessum þáttum. Í kaflanum er varpað ljósi á hvernig þeir fléttast saman og hafa áhrif á stöðu Grænlands og Íslands. Um leið er skýrður forgrunnur þeirra pólitísku breytinga sem nú birtast á Norðurslóðum, og hvernig þær varða stöðu landanna.

1.1 Alþjóðleg áhrif bráðunar

Loftslagsbreytingum var nýlega lýst í einu virtasta vísindariti heimsins sem „tilvistarógn við siðmenninguna“.² Mikilvægt er að undirstrika að afleiðingar þeirra takmarkast ekki við Norðurslóðir heldur hafa þær víðtæk áhrif um allan heim. Bráðnun hins ægistóra Grænlandsjökuls og Ísþekju Norður-Íshafsins samfara hlýnun heimshafa hækkar sjávarstöðu og ýtir undir nýjar öfgar í veðurfari. Þær brjótast út á mismunandi svæðum heims í tíðari og dýpri fellibyljum, ofstoparegni, hitabylgjum, langvarandi þurrkum og skógareldum auk vaxandi flóðahættu á þéttbýlissvæðum víðs fjarri Norðurslóðum.

Breytingarnar kristallast í Grænlandsjökli. Hann bráðnar hraðar en nokkurn óraði og hefur minnkað á þessum áratug sjö sinnum hraðar en á tíunda áratug síðustu aldar. Árleg minnkun jökulsins hefur aukist úr 33 milljörðum ístonna í 239 milljarða frá 1992 til 2018. Frá 1992 hafa samtals 3,8 þúsund milljarðar tonna af ís tapast úr Grænlandsjökli vegna bráðunar og hraðara skriðs í sjó fram.³ Yfirborð sjávar hækkar sem því nemur.

GRÆNLANDSJÖKULL

Grænlandsjökull þekur 1.710.000 km². Auk meginskjaldarins eru ótengdir smærri jöklar sem eru samanlagt næstum jafnstórir Íslandi. Meðalþykkt skjaldarins er rúmir tveir km og hann rís hæst 3.290 m yfir sjávarmál. Vatnið í jöklinum myndi nægja til að hækka yfirborð sjávar um 7,2 m. Jökullinn myndaðist fyrir 18 milljónum ára og hvílir í djúpri sigdæld sem nær sums staðar niður fyrir sjávarmál. Jökullinn er girtur háum fjallgörðum sem halda honum innan sigdældarinnar. Einungis jökullinn yfir Suðurskautlandinu er stærrí en Grænlandsjökull. Vísindaleiðangur, sem Íslendingar tóku þátt í, boraði gegnum jökulinn og náði þriggja km kjarna sem gaf einstakar upplýsingar um þróun veðurfars.

Í lok aldarinnar spá vísindamenn að yfirborð sjávar hafi hækkað um 67 cm. Vegna hækkunarinnar steðjar alvarleg flóðahætta að 400 milljónum manna. Vísindin telja vaxandi líkur á brothvörfum (e. *tipping points*), þar sem eitt stóráfall í veðurfari rekur annað í vítahring sem ekki verður hægt að rjúfa. Ef fimmtungur Grænlandsjökuls bráðnar hækkar sjávarstaða heimsins um tæpa tvo metra með geigvænlegum afleiðingum fyrir búsetuskilyrði víða um heim.

Um 80% þeirra sem verst verða úti búa víðs fjarri Norðurslóðum, flestir á láglendi Asíu. Þetta er ástæðan fyrir því að fjarlægjar þjóðir eins og Kína, Japan, Suður-Kórea og Kyrrahafsþjóðir leggja kapp á samvinnu við þjóðir Norðurslóða um að rannsaka og skilja áhrif hlýnunar á Grænlandsjökul. Með rannsóknum á bráðnun jökuls og ísþekju Norðurhafa eru fjarlægjar þjóðir í reynd að kortleggja eigin framtíð.

UMBOÐ TIL SJÁLFSTÆÐIS

„Það umboð sem við höfum fengið frá þjóðinni segir að við verðum að vinna að sjálfstæði. Það ætti ekki að leika neinn vafi á að allt sem við gerum er hluti af undirbúningi fyrir það. Meira en 70% þjóðarinnar vill færast í átt að sjálfstæði og það er kveðið á um það í grænlensku heimastjórnarlögunum hvernig þetta á að gerast. Þetta er það umboð sem við höfum fengið og höfum lengi haft.“

(<https://www.highnorthnews.com/en/greenlands-premier-we-must-work-towards-independence>)



Kim Kielsen,
forsætisráðherra Grænlands (2014-)
Mynd: Government of Greenland/Tusagassiivik

1.2 Nýjar siglingaleiðir

Óumflýjanleg bráðnun veldur því að á áratugnum 2030–40 verður Norður-Íshafið íslaut í lok flestra sumra.⁴ Sérstyrkt skip⁵ munu upp úr því geta siglt allan ársins hring ymist um Ísleysu eða í versta falli veturgamlan Ís.

Þrjár leiðir munu að lokum verða færar yfir Norður-Íshafið:

1. Norðausturleiðin

Hún þræðir 5.500 km leið frá Beringssundi meðfram Síberíu til Evrópu og er þegar mikilvæg flutningsæð Rússa og forsenda vaxandi nýtingar á olíu og gasi á norðurslóðum þeirra. Kínverjar hafa fjárfest gríðarlega í Norðausturleiðinni og samið við Rússa um að nýta hana sem hluta af nýjum Pólsilkileiðum á hafi milli Asíu og Evrópu. Íslendinga fýsir að tengjast Norðausturleiðinni gegnum stórskipahöfn á Íslandi, en hugmyndir eru um slíka höfn í Finnfirði sunnan Langaness.

Í Skandinavíu eru áform um risavaxna innviði í tengslum við Norðausturleiðina. Kirkenes í Norður-Noregi sækir fast að verða umskipunarhöfn. Fáist fjármagn úr kínverskum sjóðum Beltis og brautar eru hugmyndir um lestatengingar þaðan og til Rovaniemi í Finnlandi og áfram til Helsinki með 100 km jarðgöngum yfir til Tallinn, höfuðborgar Eistlands, og til meginlands Evrópu.

2. Norðvesturleiðin

Leiðin teygir sig frá Beringssundi með ströndum Norður-Ameríku í gegnum kanadíska eyjaklasann út í Baffínsflóa gegnt Grænlandi og þaðan til Evrópu. Norðvesturleiðin hefur reynst torfær vegna þykkra íshranna sem straumar hlaða upp við strandlengjur eyjaklasans. Hún mun því opnast síðar en aðrar siglingaleiðir. Annar annmarki á þróun hennar er langvarandi ósætti Bandaríkjanna og Kanada um lögsögu.

3. Miðleiðin

Miðleiðin fer nálægt miðju Norður-Íshafsins og hefur þann kost fyrir sæfar- endur að liggja að mestu utan lögsagna. Á þeim svæðum geta strandríki ekki tálmað umferð. Óvæntar niðurstöður sýna að ísinn þynnist hraðast á miðju hafsins. Miðleiðin er því líkleg til að verða fyrst íslaus. Hún skiptir máli fyrir Ísland því í tengslum við hana verður íslensk umskipunarhöfn álitlegur kostur.

Á þeim grunni hvíla hugmyndir um stórskipahöfn í Finnafirði. Hún er ætluð sem umskipunarhöfn fyrir bæði Norðausturleiðina og Miðleiðina. Um Norðausturleiðina er þó skemmra til Kirkenes frá Asíu og verði af umskipunarhöfn þar myndi hún draga úr samkeppnishæfni Finnafjarðar gagnvart þeirri leið.

Af stefnu Kína um Norðurslóðir má hins vegar ráða að í lengri framtíð hyggist Kínverjar nýta fleiri en eina leið yfir Norður-Íshafið. Jafnan er talað um leiðirnar í fleirtölu, aldrei í eintölu.⁶ Sömuleiðis þarf að hafa hugfast að þrátt fyrir gott samstarf um Norðausturleiðina er sögulega grunnt á því góða milli Kína og Rússlands. Geópólítískir hagsmunir stórveldanna falla ekki að öllu leyti saman, til dæmis í Mið-Asíu. Af pólitískum ástæðum er því líklegt að Kínverjar hugsu sig um tvisvar áður en þeir veðja öllum sjóflutningum sínum milli Asíu og Evrópu á Norðausturleiðina. Þróist hlýnun á öldinni samkvæmt spám er ekki ólíklegt að sjóflutningar milli Asíu og Evrópu yrðu bæði um Norðausturleiðina og Miðleiðina.

SKIPTING NORÐURSLÓÐA

“Til að setja Norðurslóðir í samhengi þá eru þær álíka stórar og Afríka. Mér finnst oft handhægt að skipta Norðurslóðum í þrennt: Austursvæðið spannar geysileg flæmi frá Beringsundi yfir sjö tímabelti í Rússlandi og endar í þremur litlum svæðum nyrst í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Vestursvæðið tekur yfir Alaska og kanadísku norðurslóðirnar. Miðsvæðið, sem við og Grænland tilheyrum, teygir sig frá norðurpólnum suður um N-Íshaf og yfir geysistórar lögsögur Grænlands og Íslands með Færeyjar á jaðrinum. Það er einmitt miðsvæðið sem er í kastljósi heimsins vegna öryggishagsmuna stórveldanna, nálægðar við nýjar siglingaleiðir, mikilvægis Grænlands og þar er auðvitað miðdepill loftslagsbreytinganna.”

(Ólafur Ragnar Grímsson á fundi með Grænlandsnefnd.)



*Ólafur Ragnar Grímsson,
formaður Hringborðs
Norðurslóða - Arctic Circle.
Mynd: Arctic Circle*

1.3 Auðlindir

Vísindamenn áætla að á Norðurslóðum sé að finna 13% af olíubirgðum heimsins og 25–30% gaslindanna. Fimbulkuldar og ísalög hafa tálmað nýtingu þeirra og sömuleiðis leit og vinnsla málma og annarra jarðefna. Sum stórveldanna telja mögulegt að vinna verðmæti af sjávarbotni þegar höf opnast. Í Rússlandi, Alaska og á Grænlandi eru mikil áform um að auka nýtingu ólífrænna auðlinda. Með hlýnun mun því vinnsla hráefna úr jörðu stóraukast bæði á landi og undir hafsbotni. Hugmyndir Grænlandinga um þróun til efnahagslegrar sjálfbærni hafa til skamms tíma verið nátengdar slíkri vinnslu.

Nýting lifandi auðlinda í hafi mun einnig vaxa. Loftslagsráð SP slær því föstu að út öldina muni færsla tegunda í Norður-Atlantshafi halda áfram norður á bóginn.^{7,8} Ráðið segir jafnframt „mjög líklegt“ að „veruleg aukning“ verði á lífmassa og veiði nytjategunda á jöðrum Íshafsins og að líklegt sé að loðna fari að hrygna í Norður-Íshafinu út af ströndum Novaja Zemlja.⁹ Stórþjóðir fjarri Norðurslóðum hafa viðrað áform um framtíðarveiðar á almenningum í Norður-Íshafi. Ríki Norðurskautsráðsins hafa þegar brugðist við því með samþykkt um stór verndarsvæði þar sem ótímabundið bann er við veiðum.

Hlýnun hefur þegar ýtt undir siglingar skemmtiferðaskipa um Norður-Íshafið. Skipum fjölgar á sumarleiðum við Ísland, Grænland, Jan Mayen, Svalbarða, Norður-Noreg, í kanadíska eyjaklasanum og við Alaska. Við Grænland fjölgaði skemmtiferðaskipum um 90% á árunum 2015–18. Árlegur fjöldi farþega í Norður-Íshafinu nálgast 100 þúsund.¹⁰ Áður en COVID-19 faraldurinn brast á hafði í fyrsta sinn verið kynnt ferð eftir Norðausturleiðinni milli Norður-Noregs og Alaska sem hið þekkt siglingafélag Lindblad Expedition hugðist bjóða sumarið 2020. Í Rússlandi eru mikil áform um að fjárfesta í innviðum ferðaþjónustu á heimskautasvæðunum og Rússar áforma að margfalda fjölda ferðamanna þangað fyrir 2035.¹¹ Ferðaiðnaðurinn virðist álíta Norður-Íshafið framtíðarsvæði því að af 50 skipum sem voru í smíðum 2018 var meira en helmingur hannaður fyrir siglingar í ís.

Þegar ferðamönnum fjölgar síðar á öldinni má gera ráð fyrir að skemmtisiglingar um Norður-Íshafið kalli á flugsamgöngur, uppbyggingu flugvalla, hótela, viðbúnað til leitar og björgunar og hafnaraðstöðu til að koma farþegum af og á skipsfjöl. Slíkir innviðir skapa um leið grundvöll fyrir hefðbundnari heimskautaferðamennsku á landi sem byggir á vel borgandi ferðamönnum í leit að ævintýrum og upplifunum. Hann er miklu öflugri tekjulind fyrir heimamenn en ferðaþjónusta á skipsfjöl.

TENGILL Í RAUNTÍMA

“Frá Bangladesh og Myanmar austan Indlands og til Japan og S-Kóreu í Austurlöndum fjær er öll strandlengjan án undatekninga í háska vegna atburða á Norðurslóðum. Í gegnum hækkandi sjávarstöðu og fellibylji tengir norðurpóllinn suðrið og austrið.”

(<https://www.thehindubusinessline.com/opinion/why-indias-foray-into-the-arctic-matters/article29517604.ece>)



*D. Suba Chandran er prófessor og helsti sérfræðingur Indverja um Norðurslóðir.
Mynd: D. Suba Chandran*

1.4 Valdatafl á Norðurslóðum

Í 30 ár hafa Norðurslóðir einkennst af því sem stundum er nefnt „heimskautafriður“. Hernaðarspenna hefur verið í lágmarki og deilumál stórvelda á öðrum svæðum, svo sem Úkraínudeilan, ekki truflað að marki samvinnu innan Norðurskautsráðsins. Sum ríki sjá hins vegar nýja öryggisógn í bráðnun íspekjunnar. Á áttatímum auðveldar hún aðgengi óvinveittra flota að ströndum og til að verjast því eru herafli og nýjar herstöðvar færð norðar. Á sama tíma hefur nýtt og rísandi stórveldi, Kína, aukið tengsl sín og áhrif á Norðurslóðum og grannsvæðum með ýmsum hætti. Árið 2017 tóku kínversk herskip í fyrsta skipti þátt í æfingum með rússneska flotanum á Eystrasalti.¹²

Staðan á Norðurslóðum hefur því breyst frá aldamótum, einkum síðasta áratuginn. Það hefur leitt til vaxandi spennu milli stórvelda sem tengist aukinni togstreitu Kína og Bandaríkjanna á heimsvísu. Kalda stríðið milli Rússlands og Bandaríkjanna setti mark sitt á síðari hluta 20. aldarinnar og margt bendir til að spenna milli Bandaríkjanna og Kína muni lita 21. öldina.

Árið 2019 urðu skýr kaflaskipti með sögulegri ræðu Mikes Pompeo utanríkisráðherra Bandaríkjanna í tengslum við ársfund Norðurskautsráðsins í Rovaniemi í maí. Í henni skilgreindu Bandaríkin Norðurslóðir sem nýtt geópólítískt átakasvæði í heiminum. Hernaðaruppbygging Rússa var harðlega

átalin en langmesta athygli vakti umbúðalaus gagnrýni á vaxandi umsvif Kína á Norðurlóðum. Pompeo taldi fráleitt að Kína skilgreindi sig sem „near-Arctic“ ríki, rannsóknir í Norður-Íshafi gætu nýst til að greiða kínverskum kafbátum leið inn á svæðið. Utanríkisráðherrann dró upp dökka mynd af því að Norðurlóðir gætu breyst í átakasvæði svipað og Suður-Kínahaf. Sams konar tónn var sleginn á Íslandi nokkrum mánuðum síðar af Mike Pence varaforseta Bandaríkjanna. Ræða Pompeo markaði því nýtt pólitískt skeið á Norðurlóðum.

Gerbreytt staða svæðisins var staðfest síðar á árinu þegar leyniþjónusta danska hersins (FE) birti sögulegt áhættumat fyrir danska ríkið. Þar var valdatafl á Norðurlóðum efst á blaði og talið upp á undan hryðjuverkum og netógnum. FE viðraði sérstakar áhyggjur af áhuga Kína á Grænlandi. Annars staðar tengdi yfirmaður FE breytt áhættumat við vaxandi áhuga Bandaríkjanna á Grænlandi og „valdaspil“ sem væri að birtast á Norðurlóðum milli þeirra og annarra stórvelda.^{13, 14}

Hin nýja stefnumótun Bandaríkjanna sem kom fyrst fram með heildstæðum hætti í ræðu Pompeo í Rovaniemi hefur síðan birst með margvíslegu móti gagnvart Grænlandi og Íslandi. Fáum blandast hugur um að með endurmati stórvelda á mikilvægi Norðurlóða eru grannþjóðirnar í sterkari stöðu en nokkru sinni frá lokum kalda stríðsins.

“Við erum þó ekki blind á vísbendingar um aukna hervæðingu Norðurlóða eins og þróunin hefur verið á síðustu árum. Við þurfum líka að hafa hugfast að aukin borgaraleg umsvif á Norðurlóðum geta haft í för með sér aukna hernaðarlega viðveru, meðal annars í tengslum við leit og björgun og umhverfissvöktun.”

(https://naalakkersuisut.gl/en/Naalakkersuisut/News/2020/05/220520-Samarbejdet-mellem-Groenland_USA)



Ane Lone Bagger,
utanríkisráðherra Grænlands
(2018-2020), maí 2020.
Mynd: Government of
Greenland/Tusagassiivik

1.5 Fráhvarf af Norðurslóðum

Bandaríkin drógu sig í reynd af Norðurslóðum þegar kalda stríðinu lauk og Sovétríkin hrundu. Íslendingum birtist það með einhliða ákvörðun um að loka herstöðinni í Keflavík árið 2006 þrátt fyrir mikla andstöðu íslenskra stjórnvalda. Á árunum 2008–2019 heimsóttu nánast engir bandarískir ráðamenn landið og óskir um viðræður um viðskiptamál, til dæmis fríverslunarsamning, fengu daufar undirtektir. Áhugaleysið á Norðurslóðum birtist mæta vel í fálæti gagnvart Norðurskautsráðinu. Bandaríkin sinntu því lítið framan af, voru framstygg gagnvart uppbyggingu ráðsins og enginn bandarískur ráðherra sótti ársfundi þess fyrr en Hillary Clinton utanríkisráðherra kom á fundinn í Nuuk árið 2011 með Ken Salazar, innanríkisráðherra.

Grænlandingar guldu sama áhugaleysis. Þeir áttu merkileg samskipti við Bandaríkin í síðari heimsstyrjöldinni sem drógu slóða fram í sjálfstæðisbaráttuna 30 árum síðar og vonuðust í kjölfar sjálfstjórnar 2009 eftir efnahagslegri samvinnu um að byggja upp námuvinnslu til að flýta efnahagslegu sjálfstæði frá Danmörku. Það olli vonbrigðum þegar ekkert varð af því og Kupaik Kleist, fyrrverandi forsætisráðherra, lét svo um mælt að Bandaríkin skiptu Grænlandinga ekki lengur máli.¹⁵ Í nýlegri grein Ane Lone Bagger á síðustu dögum utanríkisráðherratiðar hennar kom fram að eftir 2004 væntu Grænlandingar aukinnar viðskiptasamvinnu við Bandaríkin sem ekkert varð úr.¹⁶ Líkt og á Íslandi dró úr viðveru Bandaríkjanna á Grænlandi, flugvöllum var lokað og dregið úr umsvifum í herstöðinni í Thule. Grænlandingum sárnaði þegar Bandaríkin hættu áralöngum viðskiptum við grænensk fyrirtæki sem sinntu þjónustu við Thule-herstöðina og létu á hærra verði til bandarískra fyrirtækja.¹⁷

Meðan Bandaríkin sýndu Norðurslóðum áhugaleysi¹⁸ slógu Rússar undir nára. Frá árinu 2000 efldu þeir Norðurflotann og byggðu með markvissum hætti upp Norðausturleiðina sem bæði hefur viðskiptalegt og hernaðarlegt gildi. Sex herstöðvar, ýmist nýjar eða á leifum kaldastríðsmannvirkja, voru reistar á Wrangel-eyju, Nýju-Síberíueyjunum og Frans Jósefslandi úti fyrir ströndum Síberíu. Aðaltilgangur herstöðvanna er að verja firnalanga strandlengju sem opnast við bráðnun á Norður-Íshafi.¹⁹ Frá þeirri nyrstu, Nagurskoye á Frans Jósefslandi, gætu herpotur líka gert árásir á Thule-herstöðina. Þar eru einnig bækistöðvar fyrir mjög stórar birgða- og flutningavélar og viðbúnaður fyrir flugvélar sem geta borið langdræg kjarnavopn.²⁰ Nagurskoye verður nyrsta bækistöð veraldar fyrir orustubotur og er í aðeins þúsund km fjarlægð frá Norðurpól. Rússar voru snöggir að koma stöðinni á laggir, hófu framkvæmdir 2017 og áætlað er að þeim ljúki 2020.

Uppbygging nýju herstöðvanna, einkum á Frans Jósefslandi, gjörbreytir öryggishagsmunum frá sjónarhóli Bandaríkjanna. Herstöðin í Thule, sem er grunnhlekkur í varnarkeðju Bandaríkjanna, hefur lykilþýðingu andspænis Nagurskoye. Versta sviðsmynd Bandaríkjanna felst í átökum þar sem herstöðin í Thule er gerð óvíg með flugvélum frá Nagurskoye og aðrar vélar með langdræg kjarnavopn halda þaðan til vesturs. Til að mæta nýrri sviðsmynd þurfa Bandaríkin í senn öflugri viðbúnað í Thule, viðveru annars staðar á Grænlandi og aðgang að Íslandi á viðsjártímum. Þau áforma auk þess að koma upp nýrri flotastöð annar staðar á Norðurlóðum.

Fyrir utan endurnýjaða stöðu Grænlands í varnarlegu tilliti hafa viðskiptaátök milli Bandaríkjanna og Kína varpað sérstöku ljósi á það vegna sjaldgæfra málma. Grænland býr yfir fjórðungi heimsbirgða af sjaldgæfum málum (e. rare earth metals). Ekki varð ljóst fyrr en á þessari öld hversu mikilvægir þeir eru fyrir nýja og byltingarkennda hátækni (sjá 7. kafla). Sumir hafa afgerandi þýðingu fyrir háþróaðan vopnabúnað eins og stýriflaugar og kjarnasprengrur og eru mikilvægir við gerð nýjustu tegunda af orustupotum og kafbátum. Bandaríkin og Evrópusambandið skilgreina sjaldgæfa málma sem „krítísk“ hráefni og Kínverjar sem „strategíska“. Þeir hafa algjöra yfirburði í framleiðslu sjaldgæfu málma. Bandaríkjamenn áttuðu sig á mikilvægi þess þegar Kína takmarkaði útflutning þeirra um hríð upp úr 2010.²¹ Sjálfir framleiða Bandaríkjamenn nánast ekkert af sjaldgæfum málum og eru algjörlega háðir innflutningi, einkum frá Kína²² sem árið 2018 seldi 78% þess magns sem bandarískur iðnaður þurfti.²³ Í þessu felst ný og vaxandi sérstaða Grænlands, ekki síst í augum Bandaríkjamanna. Við mótun nýrrar stefnu um Norðurlóðir taka Bandaríkin nú í fyrsta skipti mið af henni.²⁴

1.6 Kína og Norðurslóðir

Á sama tíma og Bandaríkin drógu sig frá Norðurslóðum jókst áhugi Kínverja á þeim hröðum skrefum. Kína fékk fasta stöðu áheyrnarríkis að Norðurskautsráðinu 2013. Það birti ítarlega stefnu um Norðurslóðir 2018 og hefur um árabil tekið mikinn þátt í rannsóknum á loftslagsbreytingum sem þeim tengjast. Kína hefur einnig skilgreint sig sem „near-Arctic“ ríki. Á Norðurslóðum eiga Kínverjar langmest efnahagsleg samskipti við Rússland. Þeir hafa fest gríðarlegt fé í Norðausturleiðinni, orkulindum og flutningakerfum fyrir gas frá Síberíu til Kína. Frá Yamalsvæðinu við Karahaf er fljótandi gas flutt til Kína með risastórum skipum²⁵ og forsetarnir Xi og Pútín vígðu undir lok árs 2019 nýtt 8.000 km langt gaslagnakerfi sem nær frá Jakútíu við Norður-Íshaf yfir ána Amúr alla leið til Shanghai.²⁶

Kínverjar hafa einnig byggt upp efnahagslega samvinnu við Norðurlöndin, meðal annars Noreg, þar sem fríverslunarsamningur er á lokametrum. Í Norður-Noregi er eins og fyrr sagði mikill áhugi á umskipunarhöfn fyrir Norðausturleiðina, auk tengdra samgönguinnviða. Aukin áhersla á Norðurlöndin birtist í því að kínverska ríkisstjórnin hefur formlega falið Húbei-héraði það hlutverk að rækta viðskipti við Norðurlöndin sérstaklega fyrir hönd Kína og fjölmargar sendinefndir þaðan heimsækja Norðurlönd reglulega, meðal annars Ísland. Vestnorrænu löndin Þrjú, Ísland, Grænland og Færeyjar, hafa á síðasta áratug tekið upp vaxandi efnahagssamvinnu við Kína.

Ísland gerði mikilvæga samninga við Kína á öðrum áratug aldarinnar, þar á meðal fríverslunarsamning, þann fyrsta sem Kína gerði við Evrópuríki. Í kjölfar bankahrunsins gerðu ríkin gjaldmiðlaskiptasamning sem átti stóran þátt í að rjúfa einangrun Íslands í Icesave-deilunni og er reglulega endurnýjaður. Á Norðurlandi rekur Heimskautastofnun Kína (PRIC) litla rannsóknarstöð um norðurljós í samvinnu við Rannís. Áhugi Kínverja á nýjum siglingaleiðum yfir Norður-Íshafið var kynntur íslenskum stjórnvöldum á síðasta áratug þar sem áhersla var lögð á þróun Miðleiðarinnar. Þeir hafa fylgst náið með áformum um stórskipahöfn á norðausturhorninu og fulltrúar COSCO, stærsta skipafélags Kína, heimsótt Ísland af því tilefni. Kínverjar fjárfestu einnig í dýrri olíuleit á Drekasvæðinu norðaustan Íslands sem síðar var sett á ís. Íslendingar gerðust jafnframt stofnaðilar að Asíska innviðabankanum sem auðveldar þátttöku í hinni risastöru áætlun um Belti og braut. Áhugi Kína á Miðleiðinni og Íslandi var undirstrikaður 2012 þegar Ísbrjóturinn og rannsóknarskipið Snædrekin heimsótti Ísland og áformaði að sigla yfir Norðurpólinn til Kína.



Kim Kielsen og grænlenkir ráðamenn með Wu Hailong fulltrúa kínverska utanríkisráðuneytisins í Kínaför þeirra árið 2017. Mynd: Government of Greenland/Tusagassiivik.

Grænland hefur á sama tíma þróað vaxandi tengsl við Kína. Útflutningur þangað er þrettán sinnum meiri en til Bandaríkjanna.²⁷ Kína er nú næstmikilvægasti útflutningsmarkaður Grænlandinga á eftir ESB. Þegar ekki gekk að afla fjármagns til námuvinnslu frá Vesturlöndum, meðal annars Bandaríkjunum, beindu Grænlandingar athygli sinni að Asíu, bæði Suður-Kóreu og Kína. Í árlegum skýrslum grænlenksku ríkisstjórnarinnar um utanríkismál upp úr 2015 er Kína ítrekað lýst sem æskilegu samstarfslandi. Í skýrslunni 2016 er opnun sendiskrifstofu í Beijing velt upp sem möguleika beinlínis til að tengja forgangsáherslur Grænlands við útfærslu á stefnu Kína um Norðurslóðir.²⁸ Ári síðar heimsótti Kim Kielsen forsætisráðherra Kína í fylgd þriggja annarra ráðherra og kynnti möguleika á samstarfi um námuvinnslu og innviði, meðal annars gerð þriggja alþjóðlegra flugvalla. Grænlandingar höfðu þá rekist á vegg þegar þeir leituðu fjármagns í Danmörku til að byggja flugvellina. Í kjölfar heimsóknar forsætisráðherrans lýstu kínversk stórfyrirtæki vilja sínum til að annast fjármögnun og framkvæmdir þeirra. Það mætti sterkri andstöðu Bandaríkjamanna sem tóku málið upp við dönsku ríkisstjórnina. Svo fór að lokum að danska stjórnin reiddi fram fé í tvo flugvallanna, í Nuuk og Ilulissat, og Kínverjar drógu sig í hlé.

Grænlenkska ríkisstjórnin missti meirihluta sinn í þinginu vegna málsins og Kim Kielsen leiddi minnihlutastjórn fram í maí 2020 þegar flokkurinn Demokratiiit gekk til liðs við stjórnina. Kínversk fyrirtæki eiga nú umtalsverða

hluti í fjórum stórum námusvæðum á Grænlandi. Tvö kínversk olíufyrirtæki eru sögð áhugasöm um leyfi til olíuvinnslu á landi sem boðin verða út 2020.²⁹ Kínverjar eiga jafnframt í viðræðum við grænensk stjórnvöld um vísindastöð til loftslagsrannsóknna³⁰ og kínverskur háskóli hefur mikinn áhuga á að setja upp jarðstöð fyrir gervihnattatengingu í Nuuk.³¹ Grænendingar hafa dansað hinn pólitíska ballett af fimi og undirstrikað á sama tíma vilja sinn til að vera hluti af vestrænni varnarsamvinnu.

Þriðja vestnorræna ríkið, Færeyjar, undirbýr innleiðingu 5G fjarskiptatækni í samvinnu við kínverska fyrirtækið Huawei. Færeyingar vinna að samningi við Kína um fríverslun með fisk við lítinn fögnuð Dana og Bandaríkjamanna. Þeir stígu stórpólitískt skref með því að opna sendiskrifstofu í Beijing árið 2019. Skömmu eftir ræðu Pompeo utanríkisráðherra í Rovaniemi varaði sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku, Carla Sands, við samstarfi um 5G við Kínverja í opnu bréfi.³² Sömuleiðis er eftirtektarvert gagnvart pólitísku stórveldavægi á Norðurlöðum að á sama tíma og lönd Evrópusambandsins fylktu liði undir forystu Danmerkur um viðskiptaþvinganir gegn Rússum vegna Úkraínudeilunnar fóru Færeyingar allt aðra leið. Þeir margafldu viðskipti sín við Rússland og opnuðu viðskiptaskrifstofu í Moskvu. Það er stærsti útflutningsmarkaður Færeyinga og nú kaupa Rússar 30% af útflutningi eyjanna.

1.7 Ný stefnumótun – Bandaríkin vakna

Þegar ríkisstjórn Donalds Trump tók við völdum blasti því við henni svið sem tekið hafði stakkaskiptum á skömmum tíma: Rússland var að byggja upp nýjar herstöðvar við strendur Síberíu og Kínverjar höfðu skilgreint sig sem „near-Arctic“ ríki. Þrátt fyrir viðvaranir Bandaríkjanna voru mörg lönd Evrópu komin í samstarf við Kína um Belti og braut, þar á meðal þungavigtarríki í NATO eins og Ítalía og fjármálamiðstöðin Lúxemborg. Á Norðurlöndum voru menn að teikna upp stórbrotna innviði sem tengdust væntingum um kínverskt fjármagn og fimm forsætisráðherrar Norðurlandanna voru sammála um að „halda áfram“ viðræðum um aukið samstarf við Kína.³³ Á vestnorræna svæðinu, ómissandi hlekk í varnarkeðju Bandaríkjanna, voru öll vestnorrænu ríkin þrjú í vaxandi efnahagssamvinnu við stórveldi sem Bandaríkin gruna um græsku.

Margir þættir kölluðu því á endurmat á stefnunni gagnvart Norðurlöðum, bæði öryggishagsmunir, nýjar siglingaleiðir og nýting auðlinda. Á sama tíma virtist samstaða um það í bandarískum stjórnámálum að reisa skorður við

auknum áhrifum Kína. Frá upphafi forsetatíðar sinnar fór Donald Trump ekki í grafgötur með að hann áleit vaxandi veldi Kína nýja ógn.³⁴ Nú líta Bandaríkin á Kína sem helsta keppinaut sinn um áhrif í heiminum og spyrna fótum gegn útpenslu þeirra af vaxandi þrótti.³⁵

Þótt ný stefna um Norðurslóðir sé ekki að fullu fram komin hafa óræk merki um gerbreytt viðhorf birst með ýmsu móti. Dýpst risti vitaskuld yfirlýsing Pompeo utanríkisráðherra í Rovaniemi. Óræk merki eru sömuleiðis um gerbreytt viðhorf Bandaríkjanna til mikilvægis Íslands og Grænlands.

1.8 Óvænt áhersla á Ísland

Endurnýjaður áhugi Bandaríkjanna á Íslandi duldist engum þegar árið 2019 rann upp. Í fyrstu viku ársins undirrituðu utanríkisráðherrar landanna samkomulag um aukið varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna sem beinlínis var rökstutt með tilvísun í breyttar aðstæður á Norðurslóðum.³⁶ Bandarískir ráðherrar höfðu varla heimsótt Ísland frá því herstöðinni í Keflavík var lokað árið 2006 ef frá er talin heimsókn Condoleezza Rice, utanríkisráðherra, árið 2008 en hún tengdist þó kaflaskiptum ríkjanna í varnarmálum tveimur árum fyrr. Snögg veðrabrigði urðu hins vegar 2019 þegar þrír þungavigtarmenn í ríkisstjórn Trumps forseta auk fimm öldungadeildarþingmanna heimsóttu Ísland á skömmum tíma.

Aðeins fimm vikum eftir janúarfundinn með Guðlaugi Þór Þórðarsyni í Washington endurgalt Pompeo heimsóknina og átti mikilvægar viðræður í Reykjavík við kollega sinn, meðal annars um viðskiptamál. Á fundinum lagði Guðlaugur Þór sterka áherslu á fríverslun milli ríkjanna. Varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, heimsótti Ísland síðar á árinu og átti viðræður um bæði Norðurslóðir, varnarmál og viðskiptamál ríkjanna. Hann tjáði umbúðalaust skoðanir sínar á Kína í fjölmiðlum meðan á heimsókninni stóð. Varaforsetinn þakkaði Íslendingum – ranglega – fyrir að hafa hafnað þátttöku í Belti og braut. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra leiðrétti hann samstundis.³⁷ Ný áhersla á varnarmál í samskiptum ríkjanna birtist í því að á fundinum með forsætisráðherra var einnig rætt um varnarmál, meðal annars framkvæmdir til að bæta aðstöðu flugsveita kafbátaleitarflugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Á fundi varaforsetans og utanríkisráðherra Íslands kom fram söguleg ný nálgun um viðskipti ríkjanna. Fyrri ríkisstjórnnum á Íslandi hafði ekki tekist að stofna til viðræðna um fríverslun við Bandaríkin en á fundinum með Guðlaugi Þór lýsti Pence vilja Bandaríkjanna til að ræða fríverslunarsamning. Varaforsetinn

staðfesti þann vilja á lokuðum fundi í Bandaríkjunum þar sem tveir öldunga-deildarþingmenn tóku málið upp og upplýsti að vinnuhópur á vegum stjórnarinnar væri að skoða málið. Í bakgrunnsmiðlun embættismanna til fjölmiðla voru umræður um fríverslun tengdar breyttum öryggisaðstæðum á Norðurslóðum og mögulegri þátttöku Íslands í Belti og braut.³⁸ Hin breytta nálgun gagnvart Íslandi sýndi að í Washington skildu menn að Ísland hafði ný spil á hendi.



Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Íslands, Mike Pompeo og Guðlaugur Þór Þórðarson, í Washington árið 2019. Mynd: US State Department.

Í ræðu sinni í Rovaniemi kom Pompeo utanríkisráðherra mörgum á óvart með tilkynningu um að Rick Perry, orkuráðherra, myndi flytja lykilræðu sex mánuðum síðar á Hringborði Norðurslóða – Arctic Circle í Reykjavík. Með því var lögð enn frekari áhersla á að Bandaríkin voru mætt til leiks á Norðurslóðum auk þess sem vægi Hringborðs Norðurslóða sem þyngdarpunkts í umræðunni um þær var áréttað. Ísland hefur því risið úr þöku langvarandi áhugaleysis Bandaríkjanna á Norðurslóðum og öðlast nýja þýðingu með endurmati ríkisstjórnar Donalds Trump á vægi þeirra í heimsmynd aldarinnar.

1.9 Grænland og Bandaríkin

Gagnvart Grænlandi braust endurnýjaður áhugi fram í dramatískri yfirlýsingu Trumps forseta í ágúst 2019 um að Bandaríkin vildu kaupa Grænland. Þótt yfirlýsingin kæmi eins og skrattinn úr sauðarleggnum var síðar staðfest að hún spratt af umræðum innan Hvíta hússins um aukið hernaðarlegt mikilvægi Grænlands. Yfirlýsing forsetans feykta Grænlandi inn á forsíður heimsmiðla og vakti fádæma athygli á margvíslegri sérstöðu landsins. Sama sumar var skipulögð heimsókn Trumps forseta til Danmerkur þar sem sérstaka athygli vakti að forsetinn hugðist eiga tvíhliða fund með Kim Kielsen, forsætisráðherra Grænlands. Fram að því höfðu Bandaríkin einkum talað við Grænland í gegnum danska ráðamenn. Forsetinn hætti síðar við heimsóknina og sagði í tvíti að ástæðan væri sú að forsætisráðherra Danmerkur hefði „...engan áhuga á að ræða sölu á Grænlandi...“³⁹

John Bolton, þjóðaröryggisráðgjafi forsetans, gaf síðsumars 2019 út sögulega yfirlýsingu á Twitter eftir fund í Hvíta húsinu með Cörlu Sands, sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku, sem hafði verið í ferðalögum til Grænlands og átt viðræður við stjórnámamenn, forystufólk í atvinnulífi og embættismenn. Sands sendiherra skoðaði meðal annars stórt námusvæði fyrir sjaldgæfa málma í Suður-Grænlandi. Í tvítinu sagði Bolton að fundur þeirra Sands hefði snúist um að dýpka efnahagsleg tengsl við Grænland og lýsti vilja Bandaríkjanna til fjárfestinga í flugvöllum og námurannsóknum.⁴⁰ Tvít Boltons kallaðist á við hljóðlátari viljayfirlýsingu sem John Rood, aðstoðarutanríkisráðherra, skrifaði undir í Thule-herstöðinni ári fyrr um að Bandaríkin myndu „skoða rækilega“ fjárfestingar í flugvöllum á Grænlandi sem sinnt gætu bæði borgaralegu og hernaðarlegu flugi til að auka viðbragðs- og eftirlitsgetu Bandaríkjahers.⁴¹ Yfirlýsingin fór hljótt en var fagnað af Grænlendingum.^{42,43}

Sex vikum eftir yfirlýsingu Boltons þjóðaröryggisráðgjafa leiddi Thomas Ulrich Brechbuhl, náninn ráðgjafi Pompeo sem tilheyrði innsta hring Trumps forseta, hóp bandarískra stjórnarereindreka til Nuuk og ræddi aukin viðskipti, fjárfestingar og samstarf á sviði menntunar við ráðherra í grænlensku ríkisstjórninni.⁴⁴ Vorið 2020 lögðu svo Bandaríkin 12,1 milljón dala í verkefni í Grænlandi, meðal annars á sviði mennta, sem sögð voru undirbúin frá árinu áður. Um leið var gefið til kynna að þetta væri upphaf að frekari samvinnu. Bandarískir fjölmiðlar túlkuðu þetta sem innlegg í togstreitu stórvelda um áhrif í Grænlandi.⁴⁵

Bandaríkjastjórn notaði því árið 2019 til að undirstrika meiriháttar breytingu í afstöðunni til Norðurslóða, og sérstaklega gagnvart Grænlandi og Íslandi. Hún steig jafnframt það sögulega skref að taka upp beint og milliliðalaust samband við ríkisstjórn Grænlands með ákvörðun um sendiskrifstofu í Nuuk, sem opnuð var í sumarbyrjun 2020.⁴⁶ Í því birtist skýr skilningur á að Grænland er á leið til sjálfstæðis. Bandaríkjaforseti birti heiminum áhuga sinn á Grænlandi með óhefðbundnum hætti sumarið 2019 en hann er eigi að síður fyrsti forseti Bandaríkjanna sem hefur skilið breytt mikilvægi Norðurslóða í nýrri heimsmynd. Það verður partur af arfleifð hans hvað sem öðru líður þegar kurl sögunnar verða tínd til grafar.

1.10 Innbyrðis samvinna og ytri tengsl

Allt bendir til að Norðurslóðir verði á þessari öld vettvangur geópólískrar samkeppni milli stórveldanna eins og bersögliræða Pompeo utanríkisráðherra í Rovaniemi bar vitni um. Andspænis breytttri stöðu hafa Bandaríkjamenn endurmetið vægi Grænlands og Íslands í öryggiskeðju Vesturlanda og líta nú aftur á þau sem mikilvæga hlekki eins og á tímum kalda stríðsins. Á sama tíma hafa bæði löndin þróað efnahagssamstarf við Kína og stendur til boða þátttaka í stórverkefnum á sviði innviða í gegnum Belti og braut ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Þessi nýja staða styrkir stöðu grannlandanna en gerir um leið siglinguna gegnum skerjagarð stórveldaskaks vandrataðri.

Á Norðurslóðum virðast aukin umsvif óumflýjanleg í kjölfar bráðnunar. Þau munu skapa nýja háska gagnvart brothættu lífríki og lifandi auðlindum. Engum stendur nær að veita þeim viðnám og berjast fyrir sjálfbærri nýtingu en þjóðum sem eiga allt sitt undir velferð Norðurslóða. Á þeim hvíla líka sérstakar skyldur gagnvart bæði íbúum og náttúru svæðisins. Í ljósi fyrirsjáanlegrar þróunar, bæði varðandi opnun Norðurslóða og pólitíska framvindu á svæðinu, er því rökrétt að Grænland og Ísland stilli saman strengi og auki markvisst samvinnu sín á milli og um leið innbyrðis samstöðu gagnvart alþjóðasamfélaginu. Hvort tveggja er líklegt til að styrkja pólitíska stöðu landanna, færa þeim efnahagslegan ávinning og auðvelda að standa sameiginlegan vörð um hagsmuni Norðurslóða.



Guðlaugur Þór tekur við formennskukefli Norðurskautsráðsins af utanríkisráðherra Finnlands, Timo Soini, í Rovaniemi 2019. Mynd: Jouni Porsanger / Ministry for Foreign Affairs of Finland

Ein leið til að treysta stöðu á heimaslóð er að styrkja samstarfstengsl sem standa til boða við aðrar þjóðir og svæði utan Vestur-Norðurlanda. Fjöldmenn svæði sem tengjast Norðurlóðum sterkum böndum hafa á síðustu árum leitað eftir aukinni samvinnu við þjóðir vestnorræna svæðisins. Þar má nefna Québec og Nunavut-fylki í Kanada, bandarísku fylkin Alaska og Maine auk Skotlands. Öll hafa þau mjög sterka stöðu í heimalöndum sínum og myndað tengsl í gegnum Vestnorræna ráðið og Hringborð Norðurlóða – Arctic Circle. Öll hafa eigin sérstöðu gagnvart Norðurlóðum en eiga sameiginlegt að hafa sýnt vaxandi áhuga á að tengjast þeim gegnum smáþjóðirnar á vestnorræna svæðinu.

Québec hefur mótað sérstaka stefnu, Plan Nord, fyrir norðurhluta fylkisins sem það kynnti á sérstakri ráðstefnu í Québec sem haldin var 2016 í samvinnu við Hringborð Norðurlóða – Arctic Circle og opnuð af Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta. Nunavut er feikistórt flæmi í Norðvestur-Kanada, setið af þjóð sem er náskyld Grænlandingum og vill í senn aukin tengsl við Grænland og gegnum það inn á vestnorræna svæðið. Innan Alaska er einnig ríkur áhugi á samvinnu við Ísland. Einn helsti fjárfestingasjóður Alaska, PT Kapital, er nú aðaleigandi bæði íslensks fjarskiptafyrirtækis og hótélkeðju. Maine hefur skilgreint sig sem bandaríska viðskiptagátt að Norðurlóðum á síðustu árum og er tengt inn í Norðurlóðanet Eimskipa og Royal Arctic Line á Grænlandi. Ríkisstjórn Skotlands, sem tilheyrir grannsvæði Norðurlóða, hefur á Hringborðum

Norðurslóða – Arctic Circle kynnt einbeittan áhuga á samvinnu við vestnorræna svæðið og nýlega lagt fram ítarlega stefnu þar sem lýst er markmiði um að Skotland verði gátt meginlandsins að Norðurslóðum. Skoski forsætisráðherrann, Nicola Sturgeon, hefur sótt Hringborðið oftar en einu sinni eins og margir skoskir forystumenn. Af mörgum ástæðum ætti Norður-Noregur vel heima í stórfjölskyldu af þessum toga þegar fram í sækir. Jafnvel á Írlandi er nú rætt um að tengjast inn í samstarf á Norðurslóðum í gegnum frændþjóðir á vestnorræna svæðinu.

Í ljósi þessa er því tímabært að Ísland í samráði við hin vestnorrænu löndin virki afl og áhuga þessara svæða í gegnum sameiginlegan vettvang. Tilvalið er að undirbúa formlega stofnun hans í tengslum við næsta Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle í Reykjavík (sjá 8.18).

1.11 Gagnkvæmur ávinningur

Í nýrri heimsmynd sem við blasir hafa bæði Grænland og Ísland öðlast aukið vægi. Sérstaða Grænlands er margbrotin. Á Norðurslóðum hefur landið mikla þýðingu vegna yfirburðastærðar og landfræðilegrar legu, einstakrar og óspilltrar náttúru, dýrmætra jarðefna og orkulinda. Sérstaðan felst líka í því að Grænland er eina frumbyggjapjóðin á Norðurslóðum sem hefur í reynd öðlast fullveldi og tekist að varðveita og rækta eigin tungu. Sú staðreynd að grænenska þjóðin stefnir að sjálfstæði eykur mikilvægi landsins. Af margvíslegum ástæðum er því eftirsóknarvert fyrir margar þjóðir að eiga samstarf við Grænland.

Styrkur Íslands helgast af legu þess gagnvart nýjum siglingaleiðum yfir Norðurheimskautið, þróuðum innviðum og ekki síst nálægðinni við Grænland. Ísland er þegar mikilvægt hlið milli umheimsins og Grænlands. Þriðjungur flugsamgangna Grænlands er um Ísland og á þessu ári munu löndin fléttast saman í nýju neti sjóflutninga á Norðurslóðum. Ísland er í þjónustufæri, ekki síst við Austur- og Norður-Grænland og mikilvægt varðandi framkvæmdir á þeim svæðum í framtíðinni, bæði námuvinnslu og orkuframleiðslu. Nálægðin er því styrkur beggja í augum umheimsins.

Grænland og Ísland eiga ríka sameiginlega hagsmuni í að tryggja að auðlindir á Norðurslóðum verði nýttar á forsendum sjálfbærni og að alþjóðasamfélagið spyrni fótum fast við hlýnun af manna völdum. Löndin deila auk þess miklum

hagsmunum á lykilsviðum eins og samgöngum, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og orkumálum. Landfræðilega liggja löndin steinsnar hvort frá öðru og milli þeirra ríkir gagnkvæmur skilningur, vinátta og virðing. Náð samstarf er því líklegt til að hafa samlegðaráhrif á mörgum sviðum og skila bæði efnahagslegum og pólitískum ávinningi auk þess að styrkja stöðu beggja gagnvart hinum ytri heimi.

Ein af niðurstöðum skýrslunnar er að þrátt fyrir að tengsl Grænlands og Íslands einkennist af gagnkvæmri hlýju eru samskipti þjóðanna ekki ræktuð með markvissum hætti. Íslenskur forsætisráðherra hefur til dæmis ekki heimsótt Grænland síðan árið 1998. Innan íslenska ríkisins eru lykilstofnanir á sameiginlegum hagsmunasviðum sem hafa sáralítill tengsl við systurstofnanir á Grænlandi. Þetta á sér sögulegar skýringar en þessu er löngu tímabært að breyta og bæta. Löndin þurfa markvisst að bæta samstarf sitt og mest liggur á að hnýta tengsl á sviðum þar sem ekki er hægt að útiloka að ágreiningur gæti að óbreyttu sprottið í náninni framtíð, eins og um fiskveiðar eða flugumferð. Á tímamótum sem virðast í uppsiglingu er því tímabært að Ísland og Grænland sameinist um að gera tvíhliða samstarf í bráð og lengd að forgangsverkefni í utanríkisstefnu þjóðanna og dragi upp sameiginlegt sjókort um uppbyggingu þess með skipulegum hætti. Báðum mun reynast það fallið til farsældar.

Í skýrslunni, sem samin er að frumkvæði utanríkisráðherra, eru lagðar fram fjölmargar hugmyndir að nánara samstarfi Grænlands og Íslands. Þær miða allar að aukinni praktískri samvinnu og samstöðu, og varða atvinnulíf, stjórn-mál, stjórnsýslu, vísindi, rannsóknir og nýsköpun, menningu, íþróttir og aukin samskipti á grasrótastigi í gegnum frjáls félagasamtök. Hugmyndirnar taka mið af bæði veikleikum og styrkleikum landanna og þær undirstrika skýr samlegðaráhrif af auknu samstarfi. Markmiðið er að löndin efli hvort annað og vinni saman að velferð Norðurslóða. Með vel útfærðu samstarfi geta Grænland og Ísland tekið sér stöðu og rými langt umfram stærð og orðið leiðandi á mikilvægum, vel skilgreindum áherslusviðum sem þær varða, svo sem um sjálfbæra nýtingu auðlinda og vernd umhverfis.

Grænland er á einbeittri leið til sjálfstæðis. Alþingi hefur fyrir hönd Íslands lýst fullum stuðningi við þau skref sem Grænendingar hafa tekið á þeirri leið.⁴⁷ Ekki er spurning um hvort, heldur hvenær og hvernig, sjálfstæði er náð. Gagnvart þeirri þróun hefur Ísland bæði hagsmuni og skyldur. Sjálfstæði Grænlands mun alltaf styrkja Ísland og gagnkvæmur ávinningur verður því meiri sem samvinna ríkjanna er nánari. Skyldurnar felast í því að Íslendingar búa yfir dýrmætri reynslu af því hvernig fámenn þjóð á Norðurslóðum byggir upp ríki á forsendum eigin tungu, menningar og auðlinda, og með eigin fólki. Þjóð í leiðangri til sjálfstæðis þarf á stuðningi og öflugum samstarfslöndum að halda. Grænendingum getur nýst reynsla Íslendinga ef þeir vilja og sterkari tengsl skapa farveg til að miðla henni þangað til fullu sjálfstæði er náð.



*Margrét Þórhildur Danadrottning afhendir Josef Motzfeldt, forseta grænlenka þingsins, Inatsisartut, sjálfstjórnarlögin árið 2009
Mynd: Keld Navntoft / Ritzau Scanpix*

Heimildir

1. Congressional Research Service. 2020. Changes in the Arctic: Background and Issues for Congress. <https://fas.org/sgp/crs/misc/R41153.pdf>
2. Timothy M. Lenton, et al. 2019. Climate tipping points – too risky to bet against. The growing threat of abrupt and irreversible climate changes must compel political and economic action on emissions. <https://www.nature.com/articles/d41586-019-03595-0>
3. The IMBIE Team, 2019. Mass balance of the Greenland Ice Sheet from 1992 to 2018. Nature <https://doi.org/10.1038/s41586-019-1855-2>.
4. Congressional Research Service. 2020. Changes in the Arctic: Background and Issues for Congress. <https://fas.org/sgp/crs/misc/R41153.pdf>
5. IMO's International Code for Ships Operating in Polar Waters (Polar Code) is mandatory under both the International Convention for the Safety of Life at Sea (SOLAS) and the International Convention for the Prevention of Pollution from Ships (MARPOL). The Polar Code covers the full range of design, construction, equipment, operational, training, search and rescue and environmental protection matters relevant to ships operating in the inhospitable waters surrounding the two poles. The Polar Code entered into force on 1 January 2017. <http://www.imo.org/en/MediaCentre/HotTopics/polar/Pages/default.aspx>
6. <https://eng.yidaiyilu.gov.cn/zchj/qwfb/46076.htm>
7. Hoegh-Guldberg, O., R. Cai, E.S. Poloczanska, P.G. Brewer, S. Sundby, K. Hilmi, V.J. Fabry, og S. Jung, 2014: „The Ocean.“ Í: Climate Change 2014: Impacts, Adaptation, and Vulnerability. Part B: Regional Aspects. Contribution of Working Group II to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change [Barros, V.R., C.B. Field, D.J. Dokken, M.D. Mastrandrea, K.J. Mach, T.E. Bilir, M. Chatterjee, K.L. Ebi, Y.O. Estrada, R.C. Genova, B. Girma, E.S. Kissel, A.N. Levy, S. MacCracken, P.R. Mastrandrea, og L.L. White (ritstj.)]. Cambridge University Press, Cambridge, Bretlandi og New York, NY, USA, bls. 1655-1731. https://www.ipcc.ch/site/assets/uploads/2018/02/WGIAR5-Chap30_FINAL.pdf
8. Nordic Council of Ministers. 2014. „Climate change and primary industries Impacts, adaptation and mitigation in the Nordic countries,“ <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:737875/FULLTEXT03.pdf>
9. Hoegh-Guldberg, O., R. Cai, E.S. Poloczanska, P.G. Brewer, S. Sundby, K. Hilmi, V.J. Fabry, og S. Jung, 2014: The Ocean. Í: Climate Change 2014: Impacts, Adaptation, and Vulnerability. Part B: Regional Aspects. Contribution of Working Group II to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change [Barros, V.R., C.B. Field, D.J. Dokken, M.D. Mastrandrea, K.J. Mach, T.E. Bilir, M. Chatterjee, K.L. Ebi, Y.O. Estrada, R.C. Genova, B. Girma, E.S. Kissel, A.N. Levy, S. MacCracken, P.R. Mastrandrea, og L.L. White (ritstj.)]. Cambridge University Press, Cambridge, Bretlandi og New York, NY, USA, bls. 1655-1731. https://www.ipcc.ch/site/assets/uploads/2018/02/WGIAR5-Chap30_FINAL.pdf
10. House of Commons Environmental Audit Committee. 2018. „The Changing Arctic.“ <https://publications.parliament.uk/pa/cm201719/cmselect/cmenvaud/842/842.pdf>
11. <https://minvr.ru/press-center/news/25374/>
12. David Martin. 2017 „Chinese warships en route to Baltic Sea.“ <https://www.dw.com/en/chinese-warships-en-route-to-baltic-sea/a-39735964>

13. Laurence Peter. 2019. „Danes see Greenland security risk amid Arctic tensions.“
<https://www.bbc.com/news/world-europe-50598898>
14. De arktiske stater samarbejder fortsat om regionale spørgsmål. Trods et ønske blandt landene om at holde regionen fri for sikkerhedspolitiske uoverensstemmelser er der et stigende militært fokus på Arktis. Der former sig et stormagtsspil mellem Rusland, USA og Kina, som øger spændingsniveauet i regionen. Sjå Forsvarets Efterretningstjeneste. „Efterretningsmæssig Risikovurdering 2019“ <https://fe-ddis.dk/Produkter/Risikovurderinger/Documents/Efterretningsmæssig%20Risikovurdering%202019.pdf>
15. Kristian Sjøby Kristensen og Jon Rahbek-Clemmensen. 2018. „Greenland and the International Politics of a Changing Arctic. Postcolonial Praradipolomacy Between High and Low Politics.“ <https://books.google.dk/books?id=AHQ5DwAAQBAJ&pg=PT66&lpg=PT66&dq=decision+making+greenland+denmark&source=bl&ots=25bPcrOyEu&sig=ACfU3U0fUY-Losf-lxh05LkWMMyz1Oc-w5fQ&hl=da&sa=X&ved=2ahUKewiRgaStnKHkAhURJ1AKHYDgBlc4Ch-DoATANegQICRAB#v=onepage&q=decision%20making%20greenland%20denmark&f=false>
16. Ane Lone Bagger. 2020. „The long road of diplomacy: The cooperation between Greenland & the United States.“ https://naalakkersuisut.gl/en/Naalakkersuisut/News/2020/05/220520-Samarbejdet-mellem-Groenland_USA
17. Kevin McGwin. 2017. „For the second time a local firm has lost a US defense contract in Greenland — despite a lower bid.“ <https://www.arctictoday.com/for-the-second-time-a-local-firm-has-lost-a-us-defense-contract-in-greenland-despite-a-lower-bid/>
18. Heather A. Conley. 2019. „The Implications of U.S. Policy Stagnation toward the Arctic Region.“ <https://www.csis.org/analysis/implications-us-policy-stagnation-toward-arctic-region>
19. Mathieu Boulègue. 2019. „Russia’s Military Posture in the Arctic. Managing Hard Power in a ‘Low Tension’ Environment.“ https://www.chathamhouse.org/sites/default/files/2019-06-28-Russia-Military-Arctic_0.pdf
20. Jon Rahbek-Clemmensen. 2019. „Let’s (Not) Make a Deal: Geopolitics and Greenland.“ <https://warontherocks.com/2019/08/lets-not-make-a-deal-geopolitics-and-greenland/>
21. Marc Schmid. 2019. „Rare Earths in the Trade Dispute Between the US and China: A Deja Vu.“ <https://www.intereconomics.eu/contents/year/2019/number/6/article/rare-earths-in-the-trade-dispute-between-the-us-and-china-a-deja-vu.html>
22. Wayne M. Morrison. 2019. „Trade Dispute with China and Rare Earth Elements.“ <https://fas.org/sgp/crs/row/IF11259.pdf>
23. Reasearch and Markets. 2019. „China Rare Earth Market Report 2019–2023: China’s Rare Earth Exports to the United States Accounted for 78% of U.S. Rare Earth Imports.“ <https://www.prnewswire.com/news-releases/china-rare-earth-market-report-2019-2023-chinas-rare-earth-exports-to-the-united-states-accounted-for-78-of-us-rare-earth-imports-300856574.html>
24. Sarah Cammarata. 2020. „U.S. reopens consulate in Greenland amid White House’s Arctic push.“ https://www.politico.com/news/2020/06/10/us-reopens-greenland-consulate-310885?fbclid=IwAR16fbhby8eDfD0q7jyC2NQsAiNeywoORVPd1jMAF85M3zytdVc_Y_Jfpg

Heimildir

25. Malte Humpert. 2020. „China Looks to Further Its Arctic Role by Constructing Arc7 LNG Carriers.“ <https://www.highnorthnews.com/en/china-looks-further-its-arctic-role-constructing-arc7-lng-carriers>
26. Bill Chappell. 2019. „Russia Begins Sending Natural Gas To China As Putin And Xi Open New Pipeline.“ <https://www.npr.org/2019/12/02/784171826/russia-begins-sending-natural-gas-to-china-through-new-pipeline>
27. Fyrirlestur á ráðstefnu efnahagsráðs Grænlands árið 2020. <https://naalakkarsuisut.gl/da/Naalakkarsuisut/Departementer/Finans/Oekonomisk-raad/Seminarer-fra-2013-til-20xx/2020?fbclid=IwAR1ArSE7WefL11aYnSVXeORE3CvgAqgTOFEvmktdqajddxEvrY6xWsLU4wE>
28. Naalakkarsuisut. 2016. Udenrigspolitisk redegørelse. bls. 14: „... således at interessen for Grønland også omsættes til konkrete økonomiske muligheder.“ <https://naalakkarsuisut.gl/-/media/Nanoq/Files/Attached%20Files/Udenrigsdirektoratet/DK/Udenrigspolitiske%20redegørelser/Udenrigspolitisk%20Redeg%C3%B8relse%202016.pdf>
29. Mingming Shi og Marc Lanteigne. 2019. „China’s Central Role in Denmark’s Arctic Security Policies Copenhagen’s Arctic planning has to take China into account.“ <https://thediplomat.com/2019/12/chinas-central-role-in-denmarks-arctic-security-policies/>
30. Martin Breum. 2017. „Kina afslører: Vil bygge forskningsstation i Grønland.“ <https://sermitsiaq.ag/node/200646>
31. Andreas Lindqvist. 2017. „Nyt kinesisk satellitprojekt kører under radaren.“ <https://sermitsiaq.ag/node/201410>
32. Eiríkur Lindenskov. 2019. „Sendikona hjá Trump leggur trýst á Føroya Tele.“ https://www.in.fo/news-detail/news/sendikona-hja-trump-leggur-tryst-a-foeroaya-tele/?-no_cache=1
33. <https://www.norden.org/is/news/aukid-samstarf-nordurlandanna-og-kina>
34. Evan Osnos. 2020. „The Future of Americas Contest with China.“ <https://www.newyorker.com/magazine/2020/01/13/the-future-of-americas-contest-with-china>
35. Forsvarets Efterretningstjeneste. „Efterretningsmæssig Risikovurdering 2019.“ [https://fe-ddis.dk/Produkter/Risikovurderinger/Documents/Efterretningsmæssig%20Risikovurdering%202019.pdf](https://fe-ddis.dk/Produkter/Risikovurderinger/Documents/Efterretningsmaessig%20Risikovurdering%202019.pdf)
36. Utanríkisráðuneytið. 2019. „Guðlaugur Þór fundaði með Mike Pompeo.“ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/01/07/Gudlaugur-Thor-fundadi-med-Mike-Pompeo/>
37. „Remarks by Vice President Pence and Prime Minister Jakobsdóttir of Iceland Before Bilateral Meeting | Keflavík, Iceland.“ <https://www.whitehouse.gov/briefings-statements/remarks-vice-president-pence-prime-minister-jakobsdottir-iceland-bilateral-meeting-keflavik-iceland/>
38. Alayna Treene. 2019. „Trump eyes free trade agreement with Iceland.“ <https://www.axios.com/trump-iceland-free-trade-deal-russia-china-a1a0dfb5-b936-480d-a8ce-01632505f704.html>

39. BBC. 2019. „Trump cancels Denmark visit amid spat over sale of Greenland.“
<https://www.bbc.com/news/world-us-canada-49416740>
40. Sjá: https://twitter.com/AmbJohnBolton/status/1169591060064088078?ref_src=twsrc%5Etfw
41. <https://twitter.com/usembdenmark/status/1041695240686632960/photo/1> og einnig
https://naalakkersuisut.gl/en/Naalakkersuisut/News/2018/09/170918_forsvarsinvesteringer-i-Groenland
42. Kenneth Elkjær, Thomas Munk Veirum. 2018. „USA vil undersøge investeringer i grønlandske lufthavne.“ <https://knr.gl/da/nyheder/usa-vil-unders%C3%B8ge-investeringer-i-gr%C3%B8nlandske-lufthavne>
43. Yfirlýsingin er gefin út í miðri stjórnarkreppu í Grænlandi viku eftir að ríkisstjórn Kim Kilsen missti meirihluta á þingi þegar Danir að frumkvæði Bandaríkjanna ýttu Kínverjum út úr flugvallarverkefninu.
44. Ingeborg Moe. 2019. „Trump fikk nei til Grønland-kjøp. Nå har han sendt toppbyråkrat til øya.“ <https://www.aftenposten.no/verden/i/1n8LmX/trump-fikk-nei-til-groenland-kjoep-naa-har-han-sendt-toppbyraakrat-til-oeya>
45. Office of the Spokesperson US Department of State. 2020. Briefing on the Administration's Arctic Strategy. <https://www.state.gov/briefing-with-senior-state-department-official-on-the-administrations-arctic-strategy/>
46. Sarah Cammarata. 2020. U.S. reopens consulate in Greenland amid White House's Arctic push. <https://www.politico.com/news/2020/06/10/us-reopens-greenland-consulate-310885>
47. Þingsályktun nr. 42/145, um að efla samstarf Íslands og Grænlands.
<https://www.althingi.is/alttext/145/s/1483.html>

